



# Movicol adult, movicol junior og miralax

## Blöndun og notkun lyfs

Movicol adult, movicol junior eða miralax eru lyf sem gjarnan er notuð sem fyrsta meðferð við hægðatregðu. Þau innihalda öll sama virka efnið en það er munur á bragði og styrkleika milli tegunda. Lyfið binst vatni og virkar í ristlinum. Það gerir hægðirnar mýkri og eykur rúmmál þeirra og örvar með því hreyfingar ristils sem auðveldar hægðalosun. Mjög mikilvægt er að blanda þessi lyf með ráðlögum skammti af vökva til að ná hámarksvirkni.

Tafla 1. Blöndun lyfja

Lyf	Blöndun lyfs
Movicol adult	Hver poki er blandaður með 125 ml af vatni.
Movicol junior	Hver poki er blandaður með 65-70 ml af vatni.
Miralax	Einn tappi af miralax er blandaður í 200-240 ml af vökva af eigin vali. Nota má bæði heita og kalda drykki.

Gæta þarf þess að duftið sé alveg uppleyst til að full verkun náist af lyfinu.

### Blöndun movicol adult og movicol junior

- Duftinu er hellt úr pokanum í bolla, glas eða flösku.
- Ráðlögðu magni af köldu vatni er bætt saman við og hrært þar til duftið er uppleyst og vökvinn er orðinn tær.
- Æskilegt er að leysa movicol fyrst upp í vatni. Tilbúna lausn má eftir blöndun setja út í vökva að eigin vali til dæmis djúsþykkni, mjólk, heitt súkkulaði eða jógúrt. Ef þörf er á má leysa lyfið upp í mjólk.

Tilbúna lausn má geyma í allt að sex klukkustundir við stofuhita eða 24 klukkustundir í kæli. Flestum finnst kæld lausn betri en sú sem er geymd við stofuhita. Frysta má movicol lausn og búa til dæmis til íspinna.

## Blöndun miralax

- Duftinu er hellt úr tappanum í bolla, glas eða flösku.
- Ráðlögðu magni af köldum eða heitum vökva að eigin vali er bætt út í og hrært þar til duftið er uppleyst.

Þegar búið er að blanda miralax við vökva má geyma það í allt að 48 klukkustundir í ísskáp. Ekki má frysta lausnina.

## Vökvainntaka

Þegar vatni eða öðrum vökva er blandað saman við lyfið fer sá vökvi ekki inn í líkamann. Þess vegna er ekki hægt að hugsa þessa lyfjablöndu sem hluta af daglegri vökvainntekt.

## Erfiðleikar við inntöku lyfs

- Kæla lyfjablöndu í ísskáp ef hún þykir bragðast illa og setja ísmola út í en það getur dregið úr bragðinu.
- Nota rör til að drekka drykkinn.
- Prófa að blanda mjólk við lausnina og setja út á morgunkorn.
- Blanda tilbúinni lausn af lyfinu saman við vökva að eigin vali. Ráðlagt er að prófa sig áfram með ólíka drykki til að finna út hvað hentar.
- Ef notað er movicol og illa gengur að taka inn lyfið vegna bragðs, þarf að leita aftur til læknis og óska eftir lyfinu miralax sem er sama lyf nema bragðlaust.
- Ef barn fær lyfið í pela, þarf að gæta þess að hætta ekki pelanotkun fyrir lyfjagjöfina fyrr en öruggt er að barnið geti drukkið lyfið úr glasi.
- Kaupa nýjan bolla sem barn fær að nota til að drekka lyfið.

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.